



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. október 2018
R2018090019/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs (verðlagsuppfærsla) - 4. mál, þskj. 4.

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. september 2018 mótttekið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Embættið telur rétt að benda á eftirfarandi varðandi 13. gr. frumvarpsins:

Samkvæmt 13. gr. nógildandi laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, skal samkvæmt 3. tölul. greiða 250.000 kr. fyrir skráningu (útibús) erlendra félaga. Með frumvarpinu er gerð tillaga um að þetta gjald verði hækkað í 323.000 kr. Ríkisskattstjóri vill í þessu sambandi vekja athygli á því að kostnaður við skráningu erlendra félaga var áður fyrir mun lægri, en eftir hækkun skráningarkostnaðar fækkaði slíkum skráningum og ásókn í að skrá félög í utangarðsskrá jókst. Skráning í utangarðsskrá felur eingöngu í sér útgáfu á kennitölu vegna bankaviðskipta og hafa verið viss vandkvæði við eftirlit með því að kennitala sem gefin er út á slíkum forsendum sé ekki notuð við önnur umsvif hér á landi.

Þá skal tekið fram að við skráningu í utangarðsskrá eru lagðar fram mun minni upplýsingar um félögin en við hefðbundna skráningu og ekki fylgir skylda til að leggja fram ársreikninga. Til grundvallar skráningu í utangarðsskrá liggur því einungis áhættmat þeirra sem biðja um skráninguna, s.s. banka og lögmanna. Ríkisskattstjóri telur að ástæða sé til heildstæðrar skoðunar á því hvaða (útibú) erlenda félaga skuli undantekningarlaust skrá hér á landi og þá hvernig ásamt því hvaða skilyrði þau þurfa að uppfylla í því sambandi, þannig að síður komi til þeirra skörunar sem fjallað hefur verið um hér að framan.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki efni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Ingvar J Rögnvaldsson